

Starfsáætlun Loftslagsráðs

27.02.2025

Hlutverk

Meginhlutverk Loftslagsráðs er að vera stjórnvöldum til aðhalds og ráðgjafar í loftslagsmálum.

Ráðið hefur óháða yfirsýn og býr yfir þekkingu á loftslagsmálum sem stuðlar að upplýstri umræðu um ákvarðanir stjórnvalda og hagaðila og metur reglulega framvindu aðgerða og árangur á þessu sviði.

Framtíðarsýn

Sameiginlegur og óháður vettvangur loftslagsmála sem vísar veg ákvarðanatöku og byggir á virðingu og trausti milli stjórnvalda, hagaðila og almennings.

Loftslagsráð er sjálfstætt í störfum sínum og fulltrúar í ráðinu eru einungis bundnir af eigin dómgreind.

Unnið er eftir starfsreglum og samskiptastefnu Loftslagsráðs og gangsaði ríkir um störf ráðsins og árangur.

Helstu vinnustraumar

1. Aðgerðir til að draga úr losun og auka bindingu – alþjóðlegar skuldbindingar

Markmið:

Loftslagsráð sinnir virku aðhaldi með framkvæmd aðgerðaáætlunar Íslands í loftslagsmálum sem er eitt mikilvægasta verkefni Loftslagsráðs.

Einkum mun ráðið að einbeita sér að tölum um losun Íslands og túlkun þeirra, framkvæmd aðgerða og nýju landsframlagi gagnvart Parísarsamningnum.

Leiðir:

1. Tölur um losun Íslands settar í samhengi. Q1-Q2

Staðreyndarskjal um losun Íslands. Q1-Q2

Útgefið mat/álit ráðsins á stöðu samdráttar í losun, byggt á losunartölum. Q2

Kynning á Loftslagsdeginum (fyrsta vikan í október). Q4

2. Aðkoma Loftslagsráðs að landsframlagi Íslands til Parísarsamningsins. Q1-Q3

3. Aðlögun að loftslagsbreytingum

Markmið:

Loftslagsráð hafi góða yfirsýn yfir stöðu aðlögunarmála á Íslandi og gefi viðbrögð við þeirri stöðu tímanlega ef þörf er á.

Leiðir:

1. Umfjöllun um stöðu aðlögunarmála á Íslandi í ráðinu. Q1- Q2
 2. Viðbrögð ráðsins samantekt / álit. Q3
-

3. Stjórnsýsla loftslagsmála

Markmið

Að stjórnsýsla loftslagsmála sé skilvirk og þjóni hlutverki sínu. Að staða og hlutverk Loftslagsráðs í regluverki loftslagsmála sé skýr. Að Loftslagsráð sé áhrifaaðili gagnvart öllum stigum opinberrar stjórnsýslu. Viðurkennd staða að því er varðar álit og ábendingar um framkvæmd loftslagsmála.

Leiðir

1. Undirbúningur að nýrri löggjöf um loftslagsmál – Rýni á loftslagslögum. Q3-Q4
 2. Sjá einnig verkefni 2 undir lið 1.
-

4. Losun frá landi

Markmið

Ráðið fylgist vel með þróun losunar frá landi, bæði hvað varðar nánari útfærslu á skuldbindingum Íslands varðandi landnotkun og að kröfum til rannsókna og vöktunar, sem bókhaldið byggir á, sé fylgt.

Leiðir

1. Verkefni um endurheimt votlendis. Q1-Q4
-

5. Ábyrgir kolefnismarkaðir

Markmið

Loftslagsráð hafi góða yfirsýn yfir stöðu og þróun kolefnismarkaða á Íslandi og geti gefi viðbrögð við þeirri stöðu tímanlega ef þörf er á. Að íslenskar kolefniseiningar og viðskipti með þær standist

alþjóðlegar gæðakröfur. Að stefna Íslands varðandi kolefnismarkaði og tengsl við markmið og skuldbindingar sé skýr og reglur um þær einnig.

Leiðir

- Ráðið fylgist með þróun mála erlendis og héraðs og bregst við ef þörf er á.
-

6. Loftslagstengd vísindaráðgjöf

Markmið

Aðhalds og ráðgjafarhlutverki Loftslagsráðs er grundvölluð á vísindum og bestu fáanlegri þekkingu. Ráðið hefur einnig yfirsýn yfir vísindaráðgjöf og þekkingarmiðlun og veitir stuðning og stuðlar að betra umhverfi og aðstæðum til rannsókna og nýtingu þekkingar á sviði loftslagsmála.

Leiðir

- Ráðið mun fylgja eftir fyrri skýrslu sinni um þekkingu í þágu loftslagsmála og fylgist með þróun vísindanefndar um loftslagsbreytingar sem er að taka breytingum. Q2-Q4
-

7. Loftslagsmál og tekjur og útgjöld ríkisins

Markmið

Að gagnsæi ríki um ráðstöfun opinberra fjármuna í þágu loftslagsmarkmiða. Að stefnumörkun í ríkisfjármálum sé samstillt við stefnumið Íslands í loftslagsmálum.

Leiðir

- Verkefni um opinber fjármál, stjórnþætti hins opinbera og samlegðaráhrif aðgerða. Q1-Q4
-

8. Upplýsingagjöf til almennings

Markmið

Ráðið hefur yfirsýn yfir miðlun fræðslu og upplýsinga um loftslagsmál til almennings, fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga. Að almenningur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um störf ráðsins og loftslagsmál almennt í gegnum heimasíðu ráðsins.

Leiðir

- Ráðið vinnur eftir samskiptastefnu og styður aðra aðila s.s. félagasamtök, fræðasamfélagið og atvinnulífið í loftslagstengdum verkefnum og viðburðum eins og tók er á.
- Staðreyndaskjöl um tiltekna þætti loftslagsmála. Q1-Q4